

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um dótturfélög Seðlabanka Íslands.

Frá Margréti Tryggvadóttur.

1. Hver er fjöldi, heiti og kennitölur allra dótturfélaga í heildarsamstæðu Seðlabanka Íslands og Eignasafns Seðlabanka Íslands?
2. Hver er tilgangur Seðlabanka Íslands með stofnun og rekstri hvers þessara dótturfélaga um sig?
3. Hverjir sitja í stjórnnum dótturfélaga Seðlabanka Íslands og hvaða reglur gilda um skipanir í slíkar stöður og launakjör?
4. Hver eru tengsl Seðlabanka Íslands eða dótturfélaga við Dróma hf., þ.m.t. eignatengsl, kröfutengsl, stjórnunartengsl og samningssamband?

Skriflegt svar óskast.

